

## UMSÓKNAR- OG EFTIRLITSFERLI VARÐANDI ELDI FISKA OG SJÁVARLÍFVERA


Vorið 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggin eru að miklu leyti sameining og samræming laga nr. 57/2006 um eldi vatnafiska og laga nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Löggin í heild sinni er að finna í kaflanum "lög og reglugerðir" hér á vefsíðu Fiskistofu, [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).

Rétt er að benda á að leyfisveitingar vegna fiskeldis hér á landi eru tvískiptar, annars vegar starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun en hins vegar rekstrarleyfi frá Fiskistofu. Jafnframt eru gerðar kröfur um sérstaka skoðun á því, hvort mat á umhverfisáhrifum sé nauðsynlegt, ef um stærri rekstur er að ræða. Loks gegnir dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun mikilvægu eftirlits- og þjónustuhlutverki varðandi heilbrigði og hollustuhætti í eldinu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir því ferli sem aðilar þurfa að fylgja, ef þeir hyggjast hefja starfsemi í fiskeldi (sjá mynd). Hér verður aðeins stiklað á stóru og því nauðsynlegt fyrir áhugasama aðila að kynna sér þau lög, sem snerta starfsleyfi til fiskeldis, og þær kröfur sem gerðar eru um mat á umhverfisáhrifum. Þau ákvæði koma fram annarsvegar í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is) og lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sem eru á heimasíðu, [Skipulagsstofnunar](#). Meginbreyting miðað við fyrra fyrirkomulag er sú að eftir setningu ofangreindra laga er veiting rekstrarleyfa í fiskeldi fyrir allar fisktegundir og sjávarlífverur á einni hendi og gefin út af veiðiheimildasviði Fiskistofu. Leyfisveitingaferli fyrir fiskeldisstarfsemi er sýnt á myndinni hér fyrir neðan. Eins og þar kemur fram koma margar mismunandi stofnanir að fiskeldismálum eftir eðli og umfangi þeirrar starfsemi, sem fyrirhuguð er. Hlutverk hverrar stofnunar kemur fram í hnotskurn í eftirfarandi greinargerðum:

# FISKELDI OG HAFBEIT

## Leyfisveitinga- og eftirlitsferli



### Mat á umhverfisáhrifum

Ferskvatnsstöðvar, sem framleiða meira en 20 lestar af seiðum eða fiski svo og sjókvíastöðvar og strandstöðvar með frárennsli í sjó með meira en 200 lesta framleiðslu, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegrar kröfu um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun úrskurðar í samræmi við eðli málsins og umsagnir annarra leyfisveitenda og umsagnaradila, hvort þörf sé á slíku mati. Ef þörf er á mati gerir framkvæmdaaðili matsskýrslu og í kjölfarið gefur Skipulagsstofnun sitt álit um mat á umhverfisáhrifum og hvort hægt sé að fallast á framkvæmdina með eða án skilyrða. Umhverfisstofnun gefur síðan út starfsleyfi fyrir stærri eldisstöðvar, ef fallist hefur verið á framkvæmdina.

### Starfsleyfi Umhverfisstofnunar

Starfsleyfi Umhverfisstofnunar taka til mengandi þátta í starfsemi stöðvanna og eru ætíð auglýst með tilgreindum kærufresti. Ef kærur koma fram, getur endanleg gildistaka starfsleyfis tekið allt að 6 mánuðum. Ef einnig hefur verið krafist mats á umhverfisáhrifum, getur liðið allt að því ár frá því að eldisaðili tilkynnti um sín áform til Skipulagsstofnunar uns starfsleyfi er gefið út. Þegar starfsleyfi er fengið, þarf eldisaðili að sækja um rekstrarleyfi til Fiskistofu.

## **Starfsleyfi heilbrigðisnefnda**

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru eldistöðvar með frárennsli í ferskvatn og minna en 20 lesta framleiðslu undanþegnar mati á umhverfisáhrifum. Sama gildir um sjókvíastöðvar og strandstöðvar með frárennsli í sjó, sem framleiða minna en 200 lestir af eldisfiski. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi vegna slíkra minni háttar stöðva, sem tekur sérstaklega til mengandi þátta í rekstrinum. Hinsvegar veitir Fiskistofa þessum stöðvum rekstrarleyfi, sem tekur til vistfræðilegra, erfðafræðilegra og sjúkdómstengdra þátta. Slíkt leyfi er hinsvegar aðeins veitt, ef gilt starfsleyfi liggur fyrir og önnur atriði starfseminnar fullnægjandi.

## **Rekstrarleyfi Fiskistofu**

Þegar eldisstöð hefur fengið starfsleyfi, ber henni að sækja um rekstrarleyfi til Fiskistofu. Samkvæmt lögum skulu koma fram í umsókn eignaraðild að eldisstöð, upplýsingar um fagþekkingu, eldistegundir og fyrirhugaða framleiðslu. Einnig upplýsingar um afnotarétt lands, vatns og sjávar, áætlun um fjármögnun og rekstraráætlun. Jafnframt skulu fylgja umsókn gilt starfsleyfi og álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum þegar um stærri stöðvar er að ræða.

Við meðferð umsóknar leggur Fiskistofa mat á vistfræðilega, erfðafræðilega og sjúkdómstengda áhættu, sem fylgir rekstri viðkomandi stöðvar í samræmi við faglegar umsagnir, sem hún hefur aflað sér frá Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun og Veiðimálastofnun. Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar er hægt að fara fram á frekari gögn hjá umsækjanda. Ef þau liggja ekki fyrir, er mögulegt að krefjast þess að umsækjandi framkvæmi undirbúningsrannsóknir varðandi óvissuþættina.

Ef umsókn telst fullnægjandi, gefur Fiskistofa út rekstrarleyfi til allt að 10 ára. Einnig er mögulegt að gefa út leyfi til skemmri tíma og setja í það viðamikil skilyrði um vöktunarrannsóknir, sem leiði í ljós hugsanlega hættu frá eldisstarfseminni fyrir náttúrulega fiskstofna.

## **Kröfur um búnað**

Önnur ákvæði hinna nýju laga veita Fiskistofu heimild til að setja ákveðnar kröfur um þann eldisbúnað, sem notaður er. Einnig er óheimilt að flytja inn notaðan búnað, hvort sem um er að ræða eldisker, kvíar eða flutningstæki til notkunar hér á landi. Framsal, leiga eða veðsetning rekstrarleyfis er jafnframt óheimil. Rétt er að benda á að rekstrarleyfi er ekki fullgilt fyrr en að lokinni úttekt Fiskistofu á búnaði eldisstöðvarinnar.

## **Afturköllun rekstrarleyfis**

Mögulegt er að afturkalla rekstrarleyfi, ef brotið er gegn lögnum eða reglugerðum þeim tengdum, skilyrðum rekstrarleyfis ekki fullnægt eða fiskur sleppur ítrekað frá eldisstöðinni. Einnig er hægt að afturkalla leyfið, ef eldisstöð hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis.

## **Eftirlit með eldisstöðvum**

Samkvæmt nýju lögunum skal Fiskistofa hafa eftirlit með eldisstöðvum varðandi framkvæmd eldisins og viðhald á eldisbúnaði til að minnka líkur á slysasleppingum. Einnig skulu allar eldisstöðvar halda dagbók varðandi starfsemina, sem tilgreini fóðurnotkun, heilbrigði fisks, dauða í kvíum og ýmislegt annað sem markvert getur talist í daglegum rekstri. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að eldisstöð og dagbók hennar, þegar þess er krafist. Eldisstöðvar eru einnig háðar eftirliti dýraheilbrigðissviðs Matvælastofnunar varðandi heilbrigði fiska og Umhverfisstofnunar varðandi ýmsan hreinsibúnað og mengandi þætti.

### **Reglugerðir**

Fiskeldislögin veita heimildir til að setja reglugerðir varðandi fjölmarga þætti, sem snerta rekstrarleyfi, starfsemi eldisstöðva og eftirlit með þeim. Þar ber hæst reglur varðandi ýmis ákvæði rekstrarleyfis, svo sem merkingar á verulegum hluta seiða í kvíaeldi, fóðurnotkun og endurnýjun á eldisbúnaði. Einnig má setja reglur um flutning á fiski og hrognum milli eldisstöðva innbyrðis og milli ótengdra vatnasvæða.

Einnig getur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bannað eða takmarkað fiskeldi í einstaka fjörðum, flóum eða landssvæðum, sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart slíkri starfsemi. Á hliðstæðan hátt getur hann afmarkað sérstök fiskeldissvæði og sett hámark á framleiðslu á hverju svæði.

Gildandi reglugerðir varðandi fiskeldi má finna í kaflanum "lög og reglugerðir" hér á vefsíðunni.